

Verklagsregla FÍV

Vegna COVID-19 smits eða gruns um smit

Nemendur

- Mögulegt smit:** Nemandi finnur fyrir einkennum COVID-19. Nemandi mætir ekki í skólann og hefur strax samband við [heilsugæsluna](#) eða hringir í vaksíma 1700 eða í gegnum netspjall á [heilsuvera.is](#). Mikilvægt er að ræða einkenni sín við fagaðila og fá ráð um hvernig best er að bregðast við.
 - Nemandi er beðinn um að mæta í skimun og er þ.a.l. kominn í úrvinnslusóttkví meðan beðið er eftir niðurstöðum.
 - Nemandi þarf ekki að mæta í skimun en heldur sig heima þar til helstu einkenni eru horfin.
- Veikindi:** Nemandi reynist vera með COVID-19 og hefur einangrun. Smitrakningateymi hefur samband við þann smitaða og eftir atvikum við skólameistara. Nemandi upplýsir rakningarteymi um aðstæður í skólanum og samskipti sín við aðra á tilgreindu sóttvarnarsvæði/hólf. Nemandi/forráðamaður hefur samband við skólann og upplýsir um stöðu mála.
- Úrvinnslusóttkví:** Ef vafamál um umgengni eða samneyti nemandans koma upp þá er engin áhætta tekin heldur svæði/hólf lokað tímabundið. Svokölluð úrvinnslusóttkví stendur yfirleitt yfir þangað til búið er að rekja smit eða niðurstöður sýnatöku liggur fyrir.
- Sóttkví:** Einstaklingur fer í sóttkví ef hann:
 - Hefur umgengist einstakling sem svo greinist með COVID-19
 - Hefur verið á ferðlagi á [skilgreindum áhættusvæðum](#).Nemandi í sóttkví má undir engum kringumstæðum koma í skólahúsnæðið. Sóttkví er 14 dagar frá útsetningu fyrir smiti. Miðað er við 24 klst. áður en fyrstu einkennum varð vart. Ef um engin einkenni er að ræða er miðað við 24 klst. frá sýnatöku. Leiðbeiningar um hvað felst í sóttkví má finna á vef landlæknis og á [www.covid.is](#)
- Einkenni:** Covid-19 fer ekki í manngreinaálit og allir virðast í sömu hættu á að smitast. Mikilvægt er að nemendur haldi sig heima og mæti ekki til vinnu ef þeir byrja að finna fyrir einkennum. Sjúkdómurinn getur haft ólíka byrjun hjá fólki. Helstu einkenni Covid-19 sjúkdómsins eru:
 - Hósti
 - Hiti
 - Bein- og vöðvaverkir
 - Þreyta og slappleikiÍ sumum tilvikum hverfur bragð- og lyktarskyn skyndilega og einnig eru dæmi um einkenni frá meltingarvegi eins og niðurgangur.
- Nemendur í sóttkví/einangrun:** Nemendur sem þurfa að fara í [sóttkví](#) eða [einangrun](#) eiga að senda rafræna staðfestingu frá heilsugæslustöð á skrifstofu skólans (skrifstofa@fiv.is). Starfsmaður skrifstofu sér svo um að láta kennara viðkomandi nemanda vita. Staðfesting varðandi sóttkví/einangrun er að finna inn á [heilsuvera.is](#). [Hér](#) eru frekari leiðbeiningar um staðfestingu á sóttkví.